



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

\* umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými).
Ráðuneyti	Velferðarráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	30. nóvember 2018.

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

### 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

- Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins? Árið 2014 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra starfshóp um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum fíkniefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild. Skilaði starfshópurinn skýrslu sem var lögð fram á Alþingi 2016. Við mat á áhrifum var stuðst við skýrslu starfshópsins. Einnig var stuðst við tölulegar upplýsingar um starfsemi frá Frú Ragnheiði-skaðaminnkun, vegna ársins 2017.
- Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum. Á ekki við.
- Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg? Varanleg.
- Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun. Á ekki við.
- Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.

### 2. Tekjubreytingar

– Lögfesting frumvarps hefur ekki áhrif á tekjuhlíð ríkissjóðs.

### 3. Útgjaldabreytingar

Í fjárlagafrumvarpi 2019 er gert ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu til tilraunaverkefnis vegna neyslurýma. Undanfarin ár hefur Frú Ragnheiður-skaðaminnkun boðið upp á nálaskiptaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, ráðgjöf og sálrænan stuðning í sérinnréttuðum bíl sem ekur um götur höfuðborgarsvæðisins sex kvöld í viku. Með frumvarpinu stendur jaðarsettum hópum í samfélaginu og einstaklingum sem nota vímuefni í æð til boða sambærileg þjónusta í húsnæði sem er staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þar verður auk þess aðstaða fyrir einstaklinga, sem nota vímuefni í æð, til neyslu slíkra efna í öruggu umhverfi. Þar með er skaðaminnkandi úrræði gert sveigjanlegra og aðlagð betur að þörfum notenda þess. Í skýrslu starfshópsins, sem getið er hér að framan, kemur fram að kostnaður við rekstur neyslurýma og nálaskiptaþjónustu er hverfandi í samanburði við þann kostnað sem heilbrigðiskerfið ber vegna þeirra sem sýkjast af alvarlegum sjúkdómum og öðrum heilsufarsvanda vegna sprautunotkunar.

Árið 2017 leituðu 400 einstaklingar til Frú Ragnheiðar, heimsóknir voru um 2.800 talsins, 80% af heimsóknum voru í nálaskiptaþjónustu (og aðra þjónustu) og 20% í aðra þjónustu eins og heilbrigðisþjónustu, ráðgjöf og sálrænan stuðning.

Reykjavíkurborg hefur veitt vilyrði fyrir því að sjá starfsemi fyrir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Í upphafi er gert ráð fyrir að opið verði á dagvinnutíma alla daga vikunnar.

Gert er ráð fyrir tveimur stöðugildum í tilraunaverkefni, þar af verður heilbrigðismenntaður starfskraftur í öðru þeirra. Kostnaður vegna launa og tengdra gjalda er áætlaður 28–30 m.kr. Annar rekstrarkostnaður er metinn á um 20 m.kr.

Sjúkratryggingar Íslands munu annast gerð samnings við Rauða krossinn um rekstur rýmisins.

### Eignabreytingar

– Ekki verða breytingar á eignastöðu ríkissjóðs ef frumvarpið verður lögfest.

### Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum. Á ekki við.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál. Á ekki við.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs. Á ekki við.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur. Á ekki við.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi. Á ekki við.
- f) Opinber innkaup og útboð. Á ekki við.
- g) Eignaumsýsla ríkisins. Á ekki við.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Á ekki við.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara. Á ekki við.

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**
  - a) í gildandi fjárlögum. Á ekki við.
  - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs - er gert ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu vegna tilraunaverkefnis vegna neyslurýma.
2. í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Já, fjárveitingin er í ramma velferðaráðuneytisins, sbr. svar í lið A.3. hér að framan.
3. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?** Á ekki við.
4. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?** Nei.

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**

– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
3. **Samkeppnisskilyrði**
  - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta). Á ekki við.
  - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja). Á ekki við.
  - c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef

aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd. Á ekki við.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum). Á ekki við.

#### D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**  
– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.  
Frumvarpið verður sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar þegar drög að því liggja fyrir. Mögulegt er að frumvarpið geti haft fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög, en þó aðeins þau þar sem neyslurými verða opnuð. Sé litið til annarra landa eru neyslurými almennt ekki opnuð nema í samráði og samvinnu við sveitarfélög, enda iðulega þau sem útvega húsnæði fyrir rýmin.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**  
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011. Á ekki við.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**  
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011. Á ekki við.
4. **Áhrif á byggðalög**  
Á ekki við.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**  
Á ekki við.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**  
Jafnréttismat hefur ekki enn verið framkvæmt en talið er að áhrifa mun fremur gæta á karla en konur þar sem 75% þeirra sem heimsóttu Frú Ragnheiði árið 2017 voru karlar og 25% konur. Aftur á móti er talið að þetta lága hlutfall kvenna skýrist af því hversu margar konur leita í Konukot þar sem er öruggt rými.
7. **Áhrif á lýðheilsu**  
Áhrif frumvarpsins á lýðheilsu eru óljós. Óskað verður eftir umsögn Embættis landlæknis um áhrif frumvarpsins á lýðheilsu.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.** Á ekki við.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.** Á ekki við.
10. **Áhrif á stjórnslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.** Á ekki við.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**  
Ljóst er að frumvarpið mun hafa áhrif á þann hóp sem er einna verst staddur í þjóðfélaginu, þ.e. einstaklinga sem nota vímuefni í æð, og eru oft heimilislausir. Það getur haft óbein áhrif á fjölmargar fjölskyldur og aðstandendur þessara einstaklinga til betri lífsgæða.
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.** Á ekki við.

#### E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

Í fjárlagafrumvarpi 2019 er gert ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu til reksturs neyslurýma þar sem þeim sem neyta fíkniefna í æð, verður gefin kostur á að sækja sér nálaskiptaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, ráðgjöf og stuðning. Þar verður auk þess aðstaða fyrir einstaklinga sem nota vímuefni í æð, til neyslu slíkra efna í öruggu umhverfi. Reykjavíkurborg hefur veitt vilyrði fyrir að sjá starfseminni fyrir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að Sjúkratryggingar Íslands geri samning við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmisins.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.
3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Í skýrslu vinnuhópsins sem nefnd var hér að framan kemur fram að beinn kostnaður vegna nálaskiptaþjónustu og þeirra þjónustu sem er veitt í skaðaminnkandi úrræðum er hverfandi í samanburði við þann kostnað sem heilbrigðiskerfið ber vegna heilsufarsvanda þeirra sem nota vímuefni í æð. Sá hópur er í meiri hættu fyrir alvarlegum sjúkdómum, sýkingum og almennum heilsufarsvanda. Í skaðaminnkandi úrræðum er einnig tekið á móti notuðum sprautubúnaði til förgunar og kemur það í veg fyrir að notaður sprautubúnaður finnist á almenningsstöðum. |

#### F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin? |